



Einokunin og söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar

Málstofa í hagfræði

12. maí 2022

Sigurður Jóhannesson





Skoðum þrjár fullyrðingar

- Viðhorf Íslendinga til einokunarverslunarinnar einkennast af þjóðerniskennd.
- Einokun var krafa tímans og hvorki góð né slæm. Margir Íslendingar högnuðust á henni.
- Íslendingar voru að mestu leyti sjálfum sér nógir á fyrri öldum og ekki háðir viðskiptum við útlönd.





Deilt á opinbera söguskoðun

Guðrún Ása Grímsdóttir deilir í ritdómi í *Sögu*, 2004, á 6. bindi *Sögu Íslands* eftir Helga Þorláksson, útg. 2003:

- *Þetta verk geymir, að ég held, þá opinberu söguskoðun um Íslandssögu 16. og 17. aldar sem sagnfræðingar, skólaðir við Háskóla Íslands á 20. öld, hafa miðlað samborgurum...*
- *..Höfundur hefur losað sig rækilega undan viðhorfum sem ríktu [um einokunarverslunina] meðan stóð á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Honum er í mun að sýna fram á velvild konungs gagnvart þegnum sínum á Íslandi og dregur taum kaupmanna...[Var] verslunarfyrirkomulagið hugsað með velferð allra þegna konungs að leiðarljósi en Kaupmannahöfn skyldi njóta þess sér til framdráttar. Höfundur neitar því að einokun hafi verið komið á til að kúga og arðræna Íslendinga...Megináhersla lögð á að skýra sjónarmið danskra kaupmanna og yfirboðara þeirra...
..verður íslenskur sjálfspurftarbúskapur óþægilegur í sögulegu ljósi...*



Einokunin skýrð...

Úr Sögu Íslands VI eftir Helga Þorláksson:

- *Velferð allra þegna konungs var höfð að leiðarljósi og þess vegna voru settar nákvæmar reglur um það hvernig smáu og stóru skyldi háttað.*
 - *Gagnrýni sem er fólgin í því að verslunareinokun hafi Danir komið á til að kúga Íslendinga, jafnvel alveg sérstaklega, hlýtur að missa marks. Á hitt er hins vegar að líta að Danir reyndust vart til þess búnir að taka að sér alla Íslandsverslunina strax 1602...*
 - *Nútímamenn geta spurt hvort ekki hefði verið farsælla að fá Íslendinga til beinnar þátttöku í utanlandsversluninni.*
- *Verslunareinokun Dana...hefur verið fundið það til foráttu að henni hafi fylgt mun verri kjör fyrir landsmenn...*
 - *Tölur frá Noregi sýna að um 1520 var unnt að fá þrjú kíló af mjöli fyrir eitt kíló af skreið, hlutfallið var 3:1. Við aldarlok var hlutfallið orðið 3:2 og árið 1625 var hlutfallið jafnt, 1:1...*



Einokunin skýrð...

Úr Sögu Íslands VI eftir Helga Þorláksson:

- *Velferð allra þegna konungs var höfð að leiðarljósi og þess vegna voru settar nákvæmar reglur um það hvernig smáu og stóru skyldi háttað.*
 - *Gagnrýni sem er fólgin í því að verslunareinokun hafi Danir komið á til að kúga Íslendinga, jafnvel alveg sérstaklega, hlýtur að missa marks. Á hitt er hins vegar að líta að Danir reyndust vart til þess búnir að taka að sér alla Íslandsverslunina strax 1602...*
 - *Nútímamenn geta spurt hvort ekki hefði verið farsælla að fá Íslendinga til beinnar þátttöku í utanlandsversluninni.*
- *Verslunareinokun Dana...hefur verið fundið það til foráttu að henni hafi fylgt mun verri kjör fyrir landsmenn...*
 - *Tölur frá Noregi sýna að um 1520 var unnt að fá þrjú kíló af mjöli fyrir eitt kíló af skreið, hlutfallið var 3:1. Við aldarlok var hlutfallið orðið 3:2 og árið 1625 var hlutfallið jafnt, 1:1...*



Ekki andstaða fyrir 1750

Upp er boðið Ísaland, eftir Gísli Gunnarsson, útg. 1987:

- *Tilkoma einokunarverslunarinnar svonefndu árið 1602 var í sjálfu sér engin nýjung þar sem verslunin hafði aldrei verið frjáls á Íslandi... Fram til 1750 höfðu Íslendingar ekkert á móti einokunarversluninni sem slíkri... Þeir höfðu kvartað öðru hverju undan ýmsum verslunarmálum, einkum þó verðlagi, vörumagni og vörugæðum... og þeir mótmæltu kröftuglega og með góðum árangri kaupþingunarskipulagi umdæmaverslunarinnar í upphafi 18. aldar...*



Ekki andstaða fyrir 1750

Upp er boðið Ísaland, eftir Gísli Gunnarsson, útg. 1987:

- *Tilkoma einokunarverslunarinnar svonefndu árið 1602 var í sjálfu sér engin nýjung þar sem verslunin hafði aldrei verið frjáls á Íslandi... Fram til 1750 höfðu Íslendingar ekkert á móti einokunarversluninni sem slíkri... Þeir höfðu kvartað öðru hverju undan ýmsum verslunarmálum, einkum þó verðlagi, vörumagni og vörugæðum... og þeir mótmæltu kröftuglega og með góðum árangri kaupþingunarskipulagi umdæmaverslunarinnar í upphafi 18. aldar...*



Einokunin var hagspeki tímans...

Helgi Þorláksson svarar Guðrúnu í Sögu:

- *[Einokunarverslunin] var hagspeki tímans en ekki sérstök aðferð Dana til að kúga Íslendinga. Jafnframt lá fyrir ...að danska stjórnin hugsaði um hag Íslendinga...Það kemur skýrt fram [í bók minni]... að dönskum einokunarkaupmönnum mistókst um margt hrappallega, en ..ein skýring þess að landsmenn urðu ekki verr úti ..[var] einmitt að sjálfspurft var enn megineinkenni á búskap þeirra..*
- *Við erum enn í miðju kafi við að afbyggja söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar og eigum mikið starf fyrir höndum.*



Einokunin var hagspeki tímans...

Helgi Þorláksson svarar Guðrúnu í Sögu:

- *[Einokunarverslunin] var hagspeki tímans en ekki sérstök aðferð Dana til að kúga Íslendinga. Jafnframt lá fyrir ...að danska stjórnin hugsaði um hag Íslendinga...Það kemur skýrt fram [í bók minni]... að dönskum einokunarkaupmönnum mistókst um margt hrappallega, en ..ein skýring þess að landsmenn urðu ekki verr úti ..[var] einmitt að sjálfspurft var enn megininkenni á búskap þeirra..*
- *Við erum enn í miðju kafi við að afbyggja söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar og eigum mikið starf fyrir höndum.*



Íslendingar gátu ekki rekið verslunina

Gísli Gunnarsson blandar sér í umræðuna á sama vettvangi:

- *Sú staðreynd, sem enginn getur hrakið, að Íslendingar höfðu enga aðstöðu til að reka utanlandsverslun sína sjálfir, er nýtt til að gera sem mest úr „afsökun“ Helga fyrir erlenda kaupmenn.*
- *Meginhluti Íslendinga ólst upp við söguskýringar Jónasar frá Hriflu og margir eiga erfitt með að hætta að treysta þeim.*



Íslendingar gátu ekki rekið verslunina

Gísli Gunnarsson blandar sér í umræðuna á sama vettvangi:

- *Sú staðreynd, sem enginn getur hrakið, að Íslendingar höfðu enga aðstöðu til að reka utanlandsverslun sína sjálfir, er nýtt til að gera sem mest úr „afsökun“ Helga fyrir erlenda kaupmenn.*
- *Meginhluti Íslendinga ólst upp við söguskýringar Jónasar frá Hriflu og margir eiga erfitt með að hætta að treysta þeim.*



Hvað sagði Jónas?

- Kaupmenn í þrem dönskum borgum fá einkaleyfi til verzlunar á Íslandi 1602...
 - *Leigunautarnir áttu að greiða ákveðið gjald árlega til konungs fyrir verzlunarleyfið, en þó var ekki fjárgræðgi konungs aðalástæðan til þessarar ráðstöfunar, heldur hitt, að stjórnin í Kaupmannahöfn vildi, að ágóðinn af verzluninni rynni í vasa Dana, en ekki til Hamborgarmanna og annarra útlendinga.*
 - *..[L]eigunautarnir skyldu sigla á 20 helztu hafnir í landinu, flytja góðan og vandaðan varning og selja við sama verði og áður hafði tíðkast, en íslenzkir dómstólar skera úr, ef ágreiningur yrði með landsmönnum og kaupmönnum.*
 - *[Eftir að einveldi konungs var komið á 1662] var tekin upp sú venja að skipta landinu í sérstök verzlunarumdæmi, fyrst í fjóra hluta, en síðar í miklu fleiri. ..[M]átti enginn skipta við annan kaupmann en þann, sem leigt hafði umdæmið. Var þetta gert til þess, að kaupmaðurinn vissi nákvæmlega, hve mikinn varning hann þyrfti að flytja handa sínu umdæmi, og til að hindra það, að fátækir menn eða ráðlausir steypu sér í skuldir hjá einum kaupmanni og leituðu síðan til næstu hafnar án þess að greiða skuldina.*

- *Úr Íslands sögu eftir Jónas Jónsson frá Hriflu, útg. 1916.*



Hvað sagði Jónas?

- Kaupmenn í þrem dönskum borgum fá einkaleyfi til verzlunar á Íslandi 1602...
 - *Leigunautarnir áttu að greiða ákveðið gjald árlega til konungs fyrir verzlunarleyfið, en þó var ekki fjárgræðgi konungs aðalástæðan til þessarar ráðstöfunar, heldur hitt, að stjórnin í Kaupmannahöfn vildi, að ágóðinn af verzluninni rynni í vasa Dana, en ekki til Hamborgarmanna og annarra útlendinga.*
 - *..[L]eigunautarnir skyldu sigla á 20 helztu hafnir í landinu, flytja góðan og vandaðan varning og selja við sama verði og áður hafði tíðkast, en íslenskir dómstólar skera úr, ef ágreiningur yrði með landsmönnum og kaupmönnum.*
 - *[Eftir að einveldi konungs var komið á 1662] var tekin upp sú venja að skipta landinu í sérstök verzlunarumdæmi, fyrst í fjóra hluta, en síðar í miklu fleiri. ..[M]átti enginn skipta við annan kaupmann en þann, sem leigt hafði umdæmið. Var þetta gert til þess, að kaupmaðurinn vissi nákvæmlega, hve mikinn varning hann þyrfti að flytja handa sínu umdæmi, og til að hindra það, að fátækir menn eða ráðlausir steypu sér í skuldir hjá einum kaupmanni og leituðu síðan til næstu hafnar án þess að greiða skuldina.*

- *Úr Íslands sögu eftir Jónas Jónsson frá Hriflu, útg. 1916.*



Nýir og gamlir dómar um einokun

Jónas Jónsson, Íslands saga, útg. 1916:

- *Er það álit margra manna, er vel bera skyn á, að einokunarverzlunin sé það þjóðarböl sem mest hafi dregið afl og kjark úr Íslendingum.*

Gísli Gunnarsson, Líftaug landsins útg. 2017:

- *Svonefnd verzlunareinokun var eðlileg og óhjákvæmileg ráðstöfun á sínum tíma og var sem slík hvorki góð né vond. Margt í framkvæmd þessarar verzlunar kom sumum Íslendingum til góða. Allt bendir til að fyrir innleiðingu einokunarverzlunarinnar hafi flestir almúgamenn ekki haft rétt til að versla beint við kaupmenn heldur hafi höfðingjar/landeigendur oft eða oftast haft einir þennan rétt og selt síðan landsetum sínum erlendar vörur á uppsprengdu verði.*



Mikil og vond umskipti...

Úr Skarðsárannál eftir Björn á Skarðsá, f.1574, d.1655:

(1602) Kom fyrst inn sú danska sigling, höfðu fengið af kongi hafnirnar. Urðu þá mikil og vond umskipti til kauphöndlunar, þó passbréf þeirra væri öllu gott af konginum gefið...

Úr Reisubók Jóns Indíafara. Kóngurinn er Kristján IV og Skiel er aðmírall hans, um það bil 1616:

Síðan minntist kóngur á engelskra kaupskap hér við land, og varð mér það til svara að hér kæmi oftlega á vor rekaís frá Grænlandi og burt tæki veiðarfæri manna og stæðu menn þá eftir hjálparlausir.

Kóngur kvaðst þetta fyrr heyrt hafa.

Albert Skiel ansaði jafnan góðu til vegna þessa lands innbyggjara og kvaðst svo breyta mundi, og því enn frammar ef hér byggji, að kaupa sérhvað um nauðsynjaði, reiðurum Danmerkuríkis að þakkarlausu. En þó þeir keyptu sér veiðarfæri aftur, þá hefðu reiðararnir þar ei síður gagn af, því sagt væri að íslenskir fengi dönskum matinn en héldi eftir beinunum. Hann spyr mig hvort ei svo væri.

En ég kvað það satt vera að danskir hefðu bolina, en íslenskir höfðunum eftir héldu.

Bréf Gísla Oddssonar Skálholtsbiskups (frá 1632) til Jóns Magnússonar í Haga:

[L]andið er orðið aumt, fríður peningur fallinn fyrir hörðum árum...þar ofaná kemur ólíðanleg kauphöndlun og ekki alltaf eftir taxtanum ef þá ekki fylgir með röng eða engin vog og mælir, ofan á það stranga forboð um engelskra höndlan, en hvör þorir um að kvarta?



Besta leiðin til þess að draga úr vexti...

Úr Auðlegð þjóðanna, 1776 eftir Adam Smith...

- *Af öllum leiðum til að draga úr náttúrlegum vexti nýrrar nýlendu, er eflaust áhrifaríkast að fela verslunina einu fyrirtæki... Þá fá nýlendurnar lítið af vörum, sem þær kaupa mjög dýru verði, og selja sínar vörur mjög ódýrt.*

...um stjórn verslunarfélaga (í st. Thomas og Santa Cruz):

- *Þessar litlu nýlendur voru ...undir stjórn einkafyrirtækis, sem hafði eitt rétt til þess að kaupa þá framleiðslu nýlendubúanna sem þeir þurftu ekki að nota sjálfir og að útvega þeim vörur sem þeir vildu fá frá öðrum löndum. Í krafti þessa hafði fyrirtækið ekki aðeins vald til að kúga nýlendurnar, heldur freistaðist það til þess að gera það. Ríkisstjórn einkafyrirtækis kaupmanna kann að vera versta stjórn sem hægt er að hugsa sér. Framgangur nýlendnanna varð ... ekki stöðvaður með öllu, þó að stjórnarfyrikomulagið hafi gert hana hægari og hægari Hollensku byggðirnar í Vesturheimi, sem og í Austur-Indíum, voru upphaflega settar undir stjórn einkafyrirtækis. Byggðirnar hafa tekið nokkrum framförum, en framfarirnar hafa verið hægari í samanburði við flestar aðrar nýlendur.*



Sjálfspurft...

Úr Sögu Íslands VI eftir Helga Þorláksson:

- *Sjálfspurft var meginþenkenni á búskap Íslendinga, hver bjó að sínu og reyndi að vera sjálfum sér nógur.*

Líftaug landsins, 2017 eftir Helga Þorláksson:

- **Sjálfspurftarbúskapur fyrstu aldirnar**
– reki, mýrarrauði.





...eða var verzlun mikilvægur hluti lífskjara?

- Um kaup á erlendum varningi í fornritum:
 - húsavið, klæðum, lérefti, malti, hveiti, hunangi, sverði og spjóti, korni, frækorni, vararfeldi, skipi, dýrgripum, skinnavöru, pelli, bjór miklum, [efni] til þaks á kirkju
 - einnig tjöru, brýni, kléberg etc.
- Hákon konungur beitir farbanni til að ná tökum á Íslendingum..
 - Skálholtsannáll 1243: *Farbann úr Noregi*
- Ákvæði Gamla sáttmála:
 - *Hér í mót skal konungur láta oss ná friði og íslenzkum lögum. Skulu sex skip ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, en það í frá sem konungi og hinum bestu bændum þykir hentast landinu...*



Var samið um hámarksviðskipti?

- [Helgi Þorláksson, Líftaug landsins, 2017:](#)
- *Það sjónarmið er til að Íslendingar hafi ekki kært sig um að fleiri skip kæmu til landsins árlega en sex, þeir hafi verið vanir takmarkaðri utanlandsverslun og miðað við að við að vera sjálfum sér nógir að flestu leyti...*



Vaxandi mikilvægi viðskipta

Gísli Gunnarsson í svari til Guðrúnar Ásu í Sögu 2004:

- *Guðrún Ása virðist..álíta að sjálfspurftarbúskapur hafi ríkt á Íslandi á þessum tíma. Þetta verður að telja fremur einstaka sögutúlkun...En jafnvel afdalabændur þurftu að kaupa járnvörur í kaupstað og ekki var hægt að stunda fiskveiðar..án kaupa á innfluttum framleiðslu- og rekstrarvörum.*

Úr Sögu Íslands VI eftir Helga Þorláksson:

- *Sjálfspurft var [fyrr á öldum] megineinkenni á búskap Íslendinga....[en þ]etta hafði breyst nokkuð undir lok 16. aldar, landsmenn höfðu vanist allmikilli verslun Þjóðverja, gerðu ráð fyrir að geta fengið hjá þeim salt, járn og veiðarfæri og efnameinn gengu að gæðaöli vísu. Hinir efnameiri voru líka farnir að venjast því að fá allmikið mjög til heimilishalds...En það var bagalegt að fá ekki nauðsynjar, svo sem til fiskveiða. Hugsanlegt var að bjarga sér með því að leita til enskra fiskimanna...*



Hvað getum við ályktað um fullyrðingarnar sem settar voru fram í upphafi?

- Viðhorf Íslendinga til einokunarverslunarinnar einkennast af þjóðerniskennd.
- Einokun var krafa tímans og hvorki góð né slæm. Margir Íslendingar högnuðust á henni.
- Íslendingar voru að mestu leyti sjálfum sér nógir á fyrri öldum og ekki háðir viðskiptum við útlönd.

